

Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi

haldinn 18. september 2019

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Árborgar mótmælir harðlega kvótasetningu á grásleppu.
2. Aðalfundur Árborgar krefst þess af fullum þunga að svæðisskiptingin verði afnumin á strandveiðum þar sem það er búið að sameina svæðispottana og að landið verði gert að einu veiðisvæði.
3. Aðalfundur Árborgar leggur til að strandveiðtímabilið verði frá 1. apríl til 30. september og allur byggðakvóti verði settur inn í strandveiðikerfið.
4. Aðalfundur Árborgar leggur til að sett verði sérstök handfæraívilnun á krókaaflamarks- og aflamarksbáta undir 30 tonnum. Þar sem mikið magn af aflaheimildum hefur brunnið inni í línuívilnunarpotti síðustu ár vegna samdráttar í landbeitningu. Væri tilvalið að nota þessar heimildir sem ívilnun á krókaaflamarksbáta til að efla handfæraveiðar enn frekar.
5. Aðalfundur Árborgar mótmælir harðlega skerðingu á línuívilnunarpotti, 5,3%.
6. Aðalfundur Árborgar mótmælir þeim seinagangi sem á sér stað við úthlutun á 4.000 tonna potti í makríl. Það getur tekið upp í 7 daga að fá úthlutun úr pottinum. Þar sem makrílvertíðin er stutt og þolir enga bið er þetta ekki ásættanlegt fyrirkomulag.
7. Aðalfundur Árborgar hvetur til þess að sjómannaafslátturinn verði endurvakinn.
8. Aðalfundur Árborgar krefst þess að reglur um byggðakvóta verði breytt á þá leið að þeir bátar sem fá úthlutað og eru án vinnslu fá að landa byggðakvótanum í sínu byggðarlagi á fiskmarkað.
9. Aðalfundur Árborgar leggur til að handfæraveiðar verði frjálssar.

10. Aðalfundur Árborgar leggur til að drónaefirlit með smábátum verði óheimilt nema með dómsúrskurði þar sem fyrir liggur rökstuddur grunur um alvarlegt brot.